



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Kvistaborg



2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	9
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	10
4 Innra mat deilda 2023-2024	11
5 Innra mat sérkennslu	12
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	15
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
8 Foreldrasamvinna	15
9 Skipulagsdagar	16
10 Fylgiskjöl	17
10.1 Fylgiskjal nr. 1 Skóladagatal	17
10.2 Fylgiskjal nr. 2 Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi	17
10.3 Fylgiskjal nr. 3 Öðruvísi dagar í Fossvogi, Fossvogsskóli - Neðstaland – Furuskógur - Kvistaborg	17
10.4 Fylgiskjal nr. 4 verkefni Kvistaborgar – Ábyrgðarmenn	17
10.5 Fylgiskjal nr. 5 fagstarf með börnum – Ábyrgðarmenn.....	17
10.6 Umsögn foreldraráðs.....	17





Leiðarljós leikskólans

Sýn okkar er að börn séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærdómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín.

Kennarar Kvistaborgar settu niður **sína sýn** á leikskólastarfið og er hún sá **leiðarvísir** er einkennir starfið:

- Við teljum nauðsynlegt að veita börnunum **þá þekkingu** og **þá hæfileika** sem þau þurfa á að halda til að vera **virkir þátttakendur** bæði í samfélagi skóla og í því fjölbjóðlega samfélagi sem við búum í.
- Við teljum jafn mikilvægt að skólinn ásamt fjölskyldunni og öðrum stofnunum taki þátt í að byggja upp **ábyrgt viðhorf og æskilega hegðun**.
- Við viðurkennum **mikilvægi leiks og íþróttar** í uppbyggingu **heilbrigði á líkama og sál**.
- Við viljum veita börnunum tækifæri til **skapandi tjáningar**.
- Við erum á **móti hvers konar mismununar** byggðri á kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða kyni.
- Við teljum að skólinn verði að bjóða upp á umhverfi þar sem börn með mismunandi bakgrunn læri að **þekkja, skilja og virða hvert annað**.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023 byrjuðu fjórir nýir starfsmenn í tímabundinni vinnu hjá okkur og á skólaárinu hættu 5 starfsmenn og einn fór í fæðingarorlof.


Hér fyrir neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda og menntun starfsmanna fyrir veturinn 2024-2025.

Taflan sýnir eingöngu stöðuna eins og hún er núna. Við erum að stækka í vetur og starfsmannahópurinn mun taka breytingum. Sérkennsla hefur aukist verulega hjá okkur, frá því að vera engin, upp í tæp 5 stöðugildi. Tveir starfsmenn stunda mastersnám í leikskólakennarafræðum.

Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2024-2025	Fjöldi starfsmanna 2023-2024
Leikskólakennarar	4,3	5
Háskólamenntun á uppeldissviði	2,375	3
Önnur háskólamenntun	7,7	8
Starfsmenn	4,788	6
Tímavinnustarfsmenn		4
Matráður /aðstoð	1,5	2
	20,663	28

Garðaborg var áfram undir stjórn leikskólastjóra sem skiptist á að vera á báðum starfstöðum, þar til ákveðið var að loka Garðaborg endanlega 31. október 2024. Síðustu mánuðir hafa því farið í lokun og frágang á Garðaborg ásamt því að halda rekstri Kvistaborgar í fullum rekstri.

Skólaárið fór vel af stað og gekk samkvæmt áætlun og 23 börn (fædd 2017) útskrifuðust frá Kvistaborg og hófu nám í grunnskóla og 26 börn hófu aðlögun hjá okkur, haustið 2023.





Ári síðar, eða haustið 2024, útskrifuðust 19 börn en um sumarið höfðu fleiri börn fædd 2018 bæst við í útskriftarhópinn.

Innrituð voru 26 börn fyrir haustið 2024 og skýrist fjölgun barna af lokun Garðaborgar, en 9 börn frá Garðaborg óskuðu eftir flutningi yfir í Kvistaborg og bættust þau við áður innrituð börn hjá okkur. Því hefjum við haustið 2024 með ellefu börnum fleiri en ári áður eða samtals 65 börn.

Skólaárið 2023-2024			
	Eru í skólanum	Aðlögun	Samtals
22 Viðilundur	0	1	1
21 Viðilundur	2	10	12
20 Viðilundur	3	15	18
19 Asparilundur	8	3	11
18 Reynilundur	14	2	16
		26	55

Við erum því að takast á við tímabundna fjölgun við óbreyttar aðstæður, en fyrir liggur að hefja eigi framkvæmdir í Kvistaborg veturinn 2024-2025 og þá mun starfsemin flytja yfir í Eyland í Fossvogsskóla í rýmra húsnæði. Reikna má með að Kvistaborg stækki í kjölfarið, og að börnum fjölgi upp í 80 börn. Við erum spennt fyrir þeim breytingum.

Það nýjasta í okkar starfi var að við sóttum um og fengum styrk frá **Lýðheilsusjóði Norðurmiðstöðvar** fyrir verkefni sem við köllum, „**Hreyfing og gleði í Kvistaborg**“. Markmiðið var að efla þátttöku barna og starfsmanna í fjölbreyttri hreyfingu og bjóða upp á uppbrotsdaga með ólíkum verkefnum og hvatningu til þátttöku og hreyfingar, með gleðina að leiðarljósi. Verkefnið hófst haustið 2023 og stendur enn. Á endanum verður gerð skýrsla með samantekt. Í stuttu máli, þá hefur þetta verkefni litað starfið mjög mikið hjá okkur, við höfum verið með verkefna- og hreyfibingó sem börnin hafa hannað sjálf, mjög skemmtilega íþróttahátíð og skólahlaup fyrir börnin. Við höfum sett upp stöku hreyfistöðvar í útiveru, sem er afar hvetjandi og börnin spennt fyrir.

Starfsmenn hafa einnig tekið sig til og unnið að ýmsum verkefnum sem hafa verið mjög gefandi og styrkjandi fyrir starfsmannahópinn, þessu tengt.

Þrír starfsmenn fóru til Berlínar í Erasmus verkefni og tóku þátt í skuggakennslu og kynntust starfi og góðum hugmyndum með heimsóknum í nokkra skóla.

Þessi starfsáætlun verður með öðruvísi sniði, við munum ekki horfa mikið í baksýnispegilinn, þar sem við stöndum frammi fyrir flutningi Kvistaborgar í annað húsnæði, stækkun skólans, fjölgun á börnum og starfmönnum, þá vitum við, að tíminn og orkan mun fara í þá vaxtarverki að mikli leyti. En hið daglega starf, og allt það sem við stöndum fyrir, á árganga miðuðu faglegu starfi mun allt halda sér og það verður verkefnið okkar að tryggja að það haldist þrátt fyrir allar breytingar.

Starfsfólk deilda gerði mat á umbótaþáttum síðasta árs sem kemur fram hér fyrir neðan, og varðandi umbótaþætti þessa skólaárs, verður það látið nægja að flytja, stækka, taka á móti nýjum börnum og starfsmönnum og öllum þeim áætlunum sem fylgir því. Vinna að uppbyggingu sérkennslunnar, og tengiliðar barna með erlendan menningar- og tungumálabakgrunn. Með þessu verður stóra verkefnið að vinna að nýrri skólanámskrá. Meiru verður ekki viðkomið.

Hér er hefst upptalning á því sem við vinnum mest eða oftast að í daglegu starfi. Við erum ávallt að meta árangur og notkunar möguleika þó svo að það komi ekki fram endilega í starfsáætlun. Matið fer fram á deildarfundum, starfsmannafundum, og í samtölum við börnin.





Barnaheill:

Við styðjumst við verkefni Barnaheilla, sem kallast vináttuverkefni. Í þessu samhengi er vert að minnast á að við notum verkfæri frá Vöndu Sigurgeirsdóttur kennara á Menntavísindasviði, til að meta barnahópin og félagsleg samskipti og samþykki innan hans og einnig á milli kennara og barna. Tekið er á einelti og unnið er sérstaklega með þau börn sem koma slök út úr mati.

Lubbi finnur málbein:

Lubbi er virkur á öllum deildum Kvistaborgar og yfirferð þyngist og eflist með hækkandi aldri barna. Ef áhugi er fyrir hendi, þá bjóðum við foreldrum upp á námskeið í Lubba. Hins vegar er alltaf sérstök Lubbakennsla fyrir nýja starfsmenn.

LAL:

Leikur að læra „LAL“. Þar er lagt upp með að blanda saman hreyfingu og kennslu til að auðvelda börnum að læra og tengja við þeirra eðlislæga leik. LAL er gjarnan notað í útikennslu enda hentar námsefnið vel til þess.

Við stefnum á endurmenntun með LAL, í vetur.

Biophilia:

Verkefnið hófst árið 2015 og þetta er því tíunda skólaárið sem það er hluti af starfinu í Kvistaborg með elstu börnunum (árg. 2019). Á vorönn 2024 var „geimurinn appið“ í Biophilia. Ásamt því að vinna í appinu í iPad fer fram rík skapandi og færðandi vinna um geiminn og allt sem honum tengist og oft sköpuðust fjörugar umræður og skráningar á framvindu námsins.

Útinám:

Útinám er fyrir þriggja og fjögurra ára börn og er ein skipulögð kennslustund í hverri viku yfir vetrarmánuðina. Útinám byggir á því að tengja náttúrufræði, sköpun og almenna kennslu saman; kenna börnunum að lesa í náttúruna og færa námið út fyrir kennslustofuna. Það hefur sýnt sig að almenn kennsla, svo sem stafa- og tölukennsla, nær betur til barnanna þegar hún er færð inn í frjálsan og skapandi leik, úti og inni. LAL hefur bætt ferskum blæ við námsleið barna og oft litast kennslustundir út frá hugmyndafræði LAL.

Heilsueflandi skóli:

Kvistaborg er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Við vorum almennt ekki í miklum tengslum við verkefnið í vetur, vegna anna í öðrum verkefnum, en við í Kvistaborg leggjum mikla rækt við hreyfingu og útiveru barna á öllum deildum, úti sem inni.

Hér skiptir einnig sköpum að í Kvistaborg er boðið upp á heimaeldaðan mat alla daga, hugað er vel að næringu barna og starfsmanna og við hugum vel að geðheilbrigði allra. Það er eins og rauður þráður í öllu starfinu.

Samstarf við Víking:

Víkingur hefur í sjó ár verið í samstarfi við leikskóla í hverfinu og boðið elstu börnunum okkar (stundum næsta árgangi fyrir neðan) í íþróttasalinn í Víkinni. Þjálfari er Viktor Bjarki Arnarsson. Elsta deildin fer einn morgunn aðra hverja viku í Víkina. Frábært boð hjá Víkingum sem við þiggjum með þökkum og börnin njóta.

Íþróttakennsla:

Við leggjum mikla áherslu á að öll börn fari í hreyfistund einu sinni í viku í vetrarstarfinu.

Danskennsla

Foreldrar standa fyrir danskennslu á vorönn. Guðný danskennari mætir og kennir börnunum dans í 8 skipti og í níunda skiptið er foreldrum boðið á sýningu.





Barnamenningarhátíð:

Elsta árganginum, nú fædd 2018, er hverju sinni boðið að taka þátt í Barnamenningarhátíð og að syngja í Hörpu, sem er stórkostleg upplifun og foreldrar eru boðnir á tónleika. Dagskráin að þessu sinni voru lög eftir Valgeir Guðjónsson.

Söngstund í sal

Yfir vetrarmánuðina erum við með söngstund í sal einu sinni í viku.

Hreyfing og gleði í Kvistaborg

Við hlutum styrk frá Lýðheilsusjóði Norðurmiðstöðvar, sem hvatti okkur til enn frekari dáða, en verkefnið miðar að því að efla hreyfingu og gleði í Kvistaborg á meðal barna og starfsmanna.

Börnin unnu lýðræðislega að því að velja hugmyndir að hreyfingóli sem var skemmtilegt heimaverkefni og fór heim þrisvar sinnum síðasta vetur.

Vorið 2024 vorum við með íþróttahátíð, með 7 stöðvum allt í kringum Kvistaborg og var sá viðburður mjög skemmtilegur með ýmsum þrautum sem börnin leystu.

Skólahlaup Kvistaborgar fór fram á svipuðum tíma, börnin máttu hlaupa eins marga hringi í kringum lóð skólans. 57 börn tóku þátt í hlaupinu, hringurinn var 280 metrar og börnin voru óstöðvandi, hlupu allt frá 4 hringjum upp í 35 hringi.

Víkingsstúlkur og nokkur systkini barnanna mættu til að hvetja þau áfram og að hjálpa til, en við vorum með vatnspósta og gáfum börnunum stimpil eftir hvern hring og þau tóku sér hlé inn á milli eftir þörfum, og voru alls ekki á því að hætta.

Fjöldi hringja hlaupnir	Kílómetrar hlaupnir	Hringir hlaupnir að meðaltali á hvert barn
831	232,680	14,578

Verkefnið fylgir okkur áfram inn í næsta vetur, 2024-2025 og vænta má skýrslu með samantekt á verkefninu í framhaldinu.

Við erum einnig með hjóladaga 2-4 yfir sumarið.



Menntastefnan:

- **Menntastefnan A-hluti**

Áhersla okkar var fyrst og fremst efniskaup til að efla Leikur að læra „LAL“ til að efla þann þátt í hreyfingu og leik barna, miðað við breyttar aðstæður í húsnæðismálum.

- **Menntastefna B- Hluti**

Í samstarfi við Menntavísindasvið og nokkra skóla, unnum við að verkefni um stærðfræði í námssamfélagi starfsmanna leikskóla, við fengum til þess styrk. Lokaafurðin var skýrsla/samantekt sem skilað var til Reykjavíkurborgar, sem mun brátt birtast undir menntastefna.is. Að auki var flutt erindi um verkefnið á Menntakviku haustið 2024.

Framkvæmdir og stækkun Kvistaborgar:

Við flytjum fyrir áramót 2024 -2025 í Eyland, sem er gámahúsnæði við Fossvogsskóla.

Endurmat á starfinu – námssöguskráningar

Starf Kvistaborgar er metið reglulega. Uppákomur eru metnar jafn óðum, bæði af börnum og starfsmönnum. Börn koma að endurmati á starfi og vinnu sinni, í samverustundum eða samtali og með skráningum sem fara í ferilmöppur barnanna. Einnig fá þau tækifæri á að gefa endurgjöf á sérstökum stundum t.d. eins og hreyfistund, samverustund, eða eftir verkefnavinnu. Við erum með segultöflu með grænu, gulu eða rauðu andliti og börnin setja segla þar sem þeim finnst viðeigandi. Þetta gefur kennaranum tækifæri á að sjá hvernig til tókst sem og að eiga samtali við börnin ef eitthvað virkaði ekki vel.

Hér má sjá gott dæmi um hreyfistund þar sem allt er á grænu.



Námssöguskráningar, fara fram bæði með ljósmyndum og rituðu máli. Markmiðið var að öll börn fengju slíka skráningu í „mappan mín“ yfir veturinn. Þessi vinna heldur áfram, en mikil ánægja var með þessa vinnu og afrakstur hennar.






2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Varðandi innra mat á þáttum sem við settum á oddinn fyrir síðasta skólaár, má segja að nokkrir liðirnir eru enn í vinnslu og því ekki tímabært að meta þá.

1. Við færðum kaffistofuna og það var mikið heillaspor og nálægð og sýnileiki við eldhús og skrifstofu jókst. En því miður þá kom það einnig upp að stöku starfsmenn gátu ekki dvalið í aðalbyggingunni vegna myglu. Nú er svo komið að við erum að flytja starfsemina í annað hús og því breytast aðstæður hjá okkur aftur.
2. Að kalla eftir hugmyndum frá foreldrum fór aldrei í formlega framkvæmd, þ.e.a.s. að póstkassarnir fóru aldrei upp en hugmyndin lifir enn. Við erum ágætlega dugleg að kalla eftir hugmyndum í samtali við foreldra, bæði í foreldrasamtölum, foreldrafundum, en við höfum alls ekki verið dugleg að halda utan um það með formlegum hætti.
3. Námskrá- og stefnuvinna er í fullum gangi, við höfum sótt fyrirlestra og námskeið og við höldum áfram að vinna í því sem endar með endurútgáfu námskrár Kvistaborgar.
4. Menntastefnan A og B hluta. Við gáfum út skýrslu fyrir B verkefnið.
5. Hreyfing og gleði Kvistaborgar er verkefni sem enn er í framkvæmd og það verður endurmetið á vorönn 2025. Gefin út skýrsla/samantekt og vonandi fær það verkefni framhaldslíf.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Rafræn Könnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar Markmið starfsmanna með starfi sínu eru skýr og þeim finnst þeir hafa góð tæk á öllum þáttum starfsins. Þeir eru ánægðir með öryggið sitt á vinnustaðnum og eiga auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf Tækifæri Starfsmenn eru ekki ánægðir með launakjör sín, við þurfum að fjárfesta í kennurum. Bæta má samskipti og auðvelda aðgengi að yfirmanni



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Við flytjum í annað húsnæði. Við vitum að orkan fer mikið í það að viðhalda faglegu starfi eins og við þekkjum það og halda í hefðir okkar.

Stefnt er að því að skólinn stækki og fjölgi börnum. Við tökumst á við það og ráðum til okkar kennara og aðlögum fleiri börn inn í skólann. Við verðum með nývistunarfundi vegna nýrra barna og móttökuáætlun nýrra starfsmanna.

Við höfum reynslu af því að flytja og það mun hjálpa okkur að komast yfir verkefnið með sem besta móti. Við vitum að það tekur tíma að fá allt á sinn stað að fá rykið til að setjast og aðlaga alla að breyttum aðstæðum.

Við eigum að fá tvær lóðir, þær verða ekki tilbúnar á sama tíma og við flytjum. Það þýðir að við tökumst á við daglegt starf af æðruleysi og þegar tími vinnst til, vinnum við áfram að þeim matspátum og verkefnum sem enn eru í gangi frá síðasta ári, ásamt því að vinna að nýrri skólanámská.

Með flutningi í Eyland, gefst tækfæri á að breyta fyrirkomulagi matartímans og við munum vinna í því að auka meira sjálfræði barna í matartímanum. Mjög áhugavert verkefni.





4 Innra mat deilda 2023-2024

Reynilundur 2023-2024

Umbótaþáttur sem valin var fyrir veturinn 2023-2024, var að auka vægi hreyfingar í daglegu starfi. Eins og undanfarin ár voru leikskólarnir í hverfinu í samstarfi við Víking, þar sem þjálfari frá Víking býður skólunum í íþróttatíma. Þegar það kom fyrir að tíminn stangaðist á við atburði hjá okkur, t.d. við skipulagsdag þá fengum við að koma á öðrum tíma. Þetta varð til þess að við náðum 100% mætingu í tímana sem í boði voru hjá Víking.

Eins var með íþróttatímana hér í Kvistaborg sem við áttum í sal leikskólans. Ef þeir rákust á viðburði eða ferðir hjá okkur þá skiptum um dag við aðra deild svo að börnin fengju tíma í salnum einu sinni í viku.

Að auki var unnið vel í verkefninu „Hreyfing og gleði í Kvistaborg“

Asparlundur 2024-2024

Birkilundur 2023-2024

Umbótaþáttur beggja deilda síðasta vetrar var að styrkja útikennslu og „LAL“ leikur að læra og niðurstöður matsins voru, að það gekk mjög vel að halda áætlun og stundir féllu aldrei niður. Stundirnar voru oftár mjög vel undirbúnar og stundum minna undirbúnar, en það var alltaf farið út í kennslustund.

Farið var í lengri og skemmri ferðir í nærumhverfinu og það má kannski geta þess að ein af ástæðum þess að þetta gekk svo vel var að hópurinn eða deildin var fámenn og að það var mjög auðvelt að halda utanum um skipulagið. Börnunum fannst yfirleitt mjög gaman í þessum stundum og þá er markmiðinu náð.

Asparlundur 2024-2024

Asparlundur, sem er með fjögurra ára börnin, mun á næsta skólaári setja niður tvo umbótaþætti. Annar er að styrkja og nýta, styrkleika samstarfsfólks betur og eiga í góðum samskiptum, og bjóða upp á örsamtöl. Verkefnið verður á ábyrgð deildarstjóra. Hitt atriðið er að vera með fleiri fámennari samverustundir yfir daginn og hvetja allt starfsfólkið til að taka að sér stundir. Allir á deildinni eru ábyrgir.

Mat á hvoru tveggja fer fram á deildarfundum í samræðumati.

Birkilundur 2023-2024


Umbótaþættir Birkilundar verða áfram þeir sömu og frá fyrra ári, sjálfshjálp, sjálfstæði og sjálfbjargarviðleitni, gönguferðir og flæði í leik. Að viðbættu útináminu og „LAL“

Víðilundur 2023-2024

Efla sjálfshjálp, sjálfstæði og sjálfbjargarviðleitni og það tókst mjög vel. Börnin voru mjög sjálfbjarga í fataherberginu og flest áttu auðvelt með að klæða sig í útifötin og þau voru mjög viljug og dugleg að hjálpa sér sjálf og hjálpa öðrum. Þau æfðu sig í að ganga frá eftir sig og það gekk vel. Næst verður matartíminn tekinn fyrir í sjálfshjálp.

Gönguferðum var fjölgað og börnin æfðu sig í nærumhverfinu og það var mikil ánægja með þessar ferðir og þær gengu mjög vel.

Flæði í leik tókst mjög vel, börnin fengu góðan tíma fyrir leikinn og gott val á verkefnum. Almenn ánægja var með þetta mat.






5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Engin börn voru með skráða sérkennslu síðasta vetur. Við sinntum snemmtækri íhlutun og málörvun eftir þörfum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hér notum við Aeps, Efi-2 og Hljóm-2, LANIS. Einnig VP-MAP.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Við eigum fullt af keyptum námsgögnum sem eru mikið notuð, einnig líka útbúin verkefni við hæfi af sérkennurum eftir þörfum.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mótun starfs sérkennslustjóra og að vinna með teymi sem sinnir sérkennslunni. Útbúa einstaklingsnámskrár og styrkja tengilið farsældar. Endurmennta sérkennslustjóra og kennara sem sinna sérkennslu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Móta teymi og aðlaga að breyttri nálgun í starfi með börnum og deildum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tækifærin eru næg, allt ný börn sem njóta stuðnings og nýir starfsmenn.
Ábyrgð	Sérkennslustjórinn /aðstoðarleikskólastjóri / leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Desember 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræðumat með stjórnendum og starfsmönnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við metum árið með öllum starfsmönnum. Við metum framfarir hjá börnunum. Við metum umgjörðina og árangur með foreldrum.




5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Átti ekki við
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já – þegar þau eru hjá okkur
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já þetta er allt tekið með í markvissri málörvun barnanna.





Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Inngilding – Við erum að spegla hvað við erum að gera og hvernig náum við árangri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Við höfum ákveðið að einn starfsmaður taki að sér að vera tengiliður við hverja erlenda fjölskyldu, til að tryggja skilaboð og reyna að auka þátttöku í viðburðum skólans. Okkur langar að fá foreldra með okkur í lið og fá einnig tengilið úr foreldrahópnum. Nýtt: Verkefnið, „Komdu út að leika“ er í vinnslu. En það er einfalt og kostar nánast „ekkert“ nema viljann. Þetta snýst um að búa til tækifæri og boða foreldra og börn að koma út að leika, einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði á laugardegi. Að búa til tækifæri til leiks og samveru þar sem allir geta kynnst og spjallað. Opna leikfangageymsluna og hafa aðgengi að salerni. Við sóttum um styrk í Lýðheilsusjóði hjá Embætti landlæknis, en það var til þess að geta rekið þetta betur og örugglega. Við bíðum svars.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mæta og opna, senda hvatningu til foreldra að mæta og eiga góða stund og ekki síst kynnst erlendum foreldrum
Ábyrgð	Lisbeth og Davíð eru tengiliðir. Leikskólastjóri sér um verkefnið „Komdu út að leika“
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Tengiliðir – alltaf í gangi þegar við erum með erlenda foreldra Komdu út að leika - janúar – maí/júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræðumat í báðum þessum verkefnum, á milli starfsmanna og foreldra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tengiliður – erum við að ná árangri „Komdu út að leika“ – gengur þetta tilboð, er einhver að mæta. Halda skráningu.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru ekki nógu regluleg og aðeins tekin eftir þörfum.

Námskeið	Starfsmenn
Starfsþróun deildarstjóra	Tveir deildarstjórar
Ráðstefna fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn	öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður
Einingakubbar í flæði	Allir starfsmenn
Líf-gæði í leikskólastarfi - Stjórnendapjálfun	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Menntavísindasvið - leikskólakennarafræði	Tveir starfsmenn
Torgið	Ýmsir starfsmenn – opið öllum
Stærðfærði í leikskóla - Menntafléttan	Einn deildarstjóri

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Kvistaborg á í virku samstarfi við Fossvogsskóla, Neðstaland (frístund) og leikskólann Furuskóg um ýmsa viðburði og öðruvísi daga í Fossvogi, til að mynda furðufatadag, skipulagsdaga, gagnkvæmar skólaheimsóknir og fleira. Samstarfið gekk mjög vel síðasta vetur. Í fylgiskjali nr. 2 og nr. 3 má sjá nýuppfærða áætlun um samstarf fyrir komandi skólaár, um er að ræða, samvinnu um nemendaskipti og svo sameiginlegar uppákomur skólanna í dalnum.

8 Foreldrasamvinna

Í Kvistaborg er starfrækt virkt foreldrafélag og foreldraráð sem standa að ýmsum uppákomum og viðburðum í samstarfi við skólann. Þennan vetur var til að mynda hestaheimsókn, piparkökumálun, heimsókn jólasveins sem færir börnunum gjafir og svo var haldin sumarhátíð með öllum og bauð foreldrafélagið upp á hoppukastala og svo var danskennsla sem endaði með sýningu fyrr foreldra.

Boðið var upp á tvö **foreldraviðtöl** að lágmarki. Foreldrafundir eru haldnir að morgni fyrir hverja deild í upphafi vetrar þar sem farið er yfir námsefni og starf deildarinnar.

Nývistunarfundur er fyrir nýja foreldra sem hafa fengið úthlutað plássi fyrir barnið sitt í skólanum.





Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn einu sinni á ári að hausti og að þessu sinni vorum við með fyrirlesara frá „Miðju máls og læsis“ sem fjallaði um læsi ungra barna og skjánotkun. Foreldraráð kemur saman eftir þörfum. Foreldrum sem gefa kost á sér til starfa, annað hvort í ráðinu eða foreldrafélaginu, er boðið að taka þátt í jólaballi skólans og að þiggja hátíðarmat á eftir með starfsfólki

9 Skipulagsdagar

- 7. október – mánudagur (Fossó og Réttó eru með skertan foreldradag)
- 22. nóvember – föstudagur (sameiginlegur í hverfinu)
- 6. febrúar - fimmtudagur
- 24. mars – mánudagur (sameiginlegur í hverfinu)
- 20. maí – þriðjudagur (sameiginlegur í hverfinu)
- 21. maí - miðvikudagur

Fagskrifstofa leikskólamála

Kvistaborg

Dagsetning:

Sigrún Gunnarsdóttir
18/11 2024



10 Fylgiskjöl

10.1 Fylgiskjal nr. 1 Skóladagatal

10.2 Fylgiskjal nr. 2 Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstlands í Fossvogi

10.3 Fylgiskjal nr. 3 Öðruvísi dagar í Fossvogi, Fossvogsskóli - Neðstaland – Furuskógur - Kvistaborg

10.4 Fylgiskjal nr. 4 verkefni Kvistaborgar – Ábyrgðarmenn

10.5 Fylgiskjal nr. 5 fagstarf með börnum – Ábyrgðarmenn

10.6 Umsögn foreldraráðs





Leikskóladagatal 2024 - 2025

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRUAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarfrí	1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fékkisdagurinn	1 M	Hvítudagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Veisluþingardagurinn	1 S		1 Þ	
2 F	Sumarfrí	2 M	Aðlgun	2 M		2 L		2 M	Kaffínusíð Lundur	2 F		2 S	T	2 S	R	2 M		2 F		2 M	Sjómannadagurinn	2 M	
3 L		3 Þ		3 F		3 S	J	3 Þ	Kaffínusíð Lundur	3 F		3 M		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M	Kaffínusíð Lundur	4 L		4 Þ		4 Þ		4 F		4 S	HL	4 M		4 F	
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Kaffínusíð Lundur	5 S		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 L	
6 Þ	Sumarfrí	6 F		6 S	N	6 M		6 F	Kaffínusíð Lundur	6 M		6 F		6 F		6 S	Æ, EY / EI	6 Þ		6 F	Skólastíll grunnskóla	6 S	
7 M	Sumarfrí	7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F		7 F		7 M		7 M		7 L		7 M	
8 F	Önnun eftir sumarfrí	8 S		8 Þ		8 F		8 S	G	8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur	8 Þ	
9 F		9 M	Aðlgun	9 M		9 L		9 M		9 F		9 S	K	9 S	Ð	9 M		9 F		9 M	Annar hvítasunnudagur	9 M	Sumarfrí 9. júlí-6. ágúst
10 L		10 Þ	Gulur dagur	10 F		10 S	H	10 Þ		10 F		10 M		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F	Sumarfrí
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ		11 Þ		11 F	Furufatadagur	11 S	HR	11 M		11 F	Sumarfrí
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S	S	12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 L	
13 Þ		13 F		13 S	D	13 M		13 F		13 M		13 F		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S	
14 M		14 L		14 M	Ljósmyndari	14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F		14 M		14 M		14 L		14 M	Sumarfrí
15 F		15 S	A	15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ	Sumarfrí
16 F		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F		16 S	Ö/A	16 S	A	16 M		16 F		16 M		16 M	Sumarfrí
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F	Hattadagur	17 M		17 M		17 F		17 L		17 Þ	Jóladagurinn	17 F	Sumarfrí
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 F		18 S	HN	18 M		18 F	Sumarfrí
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S	IY/O	19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 L	
20 Þ		20 F		20 S	IYÚ	20 M		20 F		20 M		20 F		20 F		20 S		20 Þ		20 F		20 S	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 F		21 M		21 M	Skipulagsdagur - Sveinagilfjörður	21 L		21 M	Sumarfrí
22 F	Nývistunarfundur	22 S	M	22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L	P	22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ	Sumarfrí
23 F		23 M		23 L		23 F		23 M	Þorlákasmessa	23 F		23 S		23 S	Mjúgt G	23 M		23 F	Þorlákasmessa	23 M		23 M	Sumarfrí
24 L		24 Þ		24 F		24 S	L	24 Þ	Adolfshjónsdagurinn	24 F	Bónadagur - fyrsti dagur þorra	24 M		24 M		24 F		24 L		24 Þ		24 F	Sumarfrí
25 S		25 M		25 F		25 M		25 L		25 M		25 Þ		25 Þ		25 F		25 S	Ó/AU	25 M		25 F	Sumarfrí
26 M	Aðlgun	26 F		26 L		26 Þ		26 F	Annar í jólam	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F		26 L	
27 Þ	Aðlgun	27 F		27 M	V	27 L		27 F	Skráningardagurinn	27 M		27 F		27 F		27 S	HJ	27 Þ		27 F		27 S	
28 M		28 L		28 M		28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M		28 M		28 L		28 M	Sumarfrí
29 F		29 S	B	29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 L		29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	Sumarfrí
30 F		30 M		30 L		30 F	G	30 M	Skráningardagurinn	30 F		30 L		30 S	A	30 M		30 F		30 M		30 M	Sumarfrí
31 L		31 Þ		31 F		31 M		31 Þ	Gemlingardagurinn	31 F		31 F		31 M		31 L		31 L		31 M		31 M	Sumarfrí

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi

veturinn 2024-2025

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga.

Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

Þriðjudagur 15. október

Nemendur úr 1.bekk Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn fyrir hádegi.

Svava Björk aðstoðarskólustjóri ræðir við umsjónarkennara um tímasetningu og hópaskiptingu og verður í sambandi við leikskólustjóra/deildarstjóra á leikskólunum.

Mánudagur 4.nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Furuskógi** heimsækja Fossvogsskóla og ganga um húsnaðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Þriðjudagur 5. nóvember

9:30 -11:00 Nemendur úr **Kvistaborg** heimsækja Fossvogsskóla og ganga um húsnaðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Önnu Björt í Neðstalandi varðandi skipulag.

Um miðjan nóvember

Fundur vegna lesskímunar að þeim loknum. Tímasetning ákveðin er nær dregur. Æskilegt er að umsjónarkennarar, deildarstjórar, deildarstjóri fagstarfs mæti á fundinn.

Um miðjan nóvember

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur í samráði við alla aðila. Nemendur undirbúa sjálfir heimsóknina, velja bækur sem þau telja að henti fyrir börnin og þau hafi áhuga á. Umsjónarkennarar aðstoða við valið.

9.-13.des

Fossvogsskóli býður börnunum úr leikskólanum á „battó“ jól (battó er útigerfigrasvöllurinn í Fossvogsskóla) veðri. Svava Björk sér um upplýsingagjöf varðandi tímasetningu og látum vita deginum áður. Vinabekkur leikskólabarnanna er 6.bekkur og væri því kjörið að vera með þeim á battó jólum.

Febrúar

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Heimsóknin er góð æfing fyrir Stóru

upplestarkeppnina. Svava Björk sér um að ákveða tímasetningu í samráði við leikskólana og umsjónarkennara.

18. mars

Heimsókn í 1.bekk: Börn úr Kvistaborg koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgun nesti með þeim og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).

19. mars

Heimsókn í 1.bekk: Börn úr Furuskógi koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunnesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).

7.-10.apríl

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma í íþróttir í Fossvogsskóla með 1. bekk, fara Fossóhringinn og taka þátt í íþróttatíma. Íþróttatíminn hefst klukkan 10:10. Byrja úti, fara svo inn, fer eftir veðri. Svava Björk heldur utan um skipulag á tímasetningum og upplýsa alla aðila.

maí

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma og horfa á sal hjá nemendum í 1. bekk. Hafa samband tímanlega til að ræða og fá tímasetningu.

Æskilegt er að skipulagið haldi sér, ef þörf er á að breyta tímasetningum skal það gerast í tíma nema óviðráðanlegar aðstæður komi upp 😊 Allir aðilar leggja sig fram um að upplýsa um forföll ef þau koma upp.

Öðruvísi dagar í Fossvogi 2024 – 2025

Fossvogsskóli – Furuskógur – Kvistaborg - Neðstaland

Þriðjudagur 10.september

Gulur dagur



Miðvikudagur 23.október

BLEIKUR Bangsa-og náttfatadagur



Fimmtudagur 31. október

Hrekkjavökudagur



Föstudagur 8. nóvember

Grænn dagur (Baráttudagur gegn einelti)



Sunnudagur 1. desember

Þjóðlegur dagur



Föstudagur 6. desember

Jólapeysudagurinn/Rauður dagur



Föstudagur 17. janúar

Hattadagur



Miðvikudagur 5.mars

Öskudagur



Föstudagur 21. mars

Mislitir sokkar (Alþjóðlegi Downs dagurinn)



Föstudagur 11.apríl

Furðufatadagur



Miðvikudagur 30. apríl


Fáránlegur hárdagur




Föstudagur 23. maí

Íþróttafatadagur







Umsögn um starfsáætlun Kvistaborgar 2024-2025

Ég er pabbi Hildar Maríu sem er í leikskólanum Kvistaborg. Ég vil nýta þetta tækifæri til að koma með mínar hugleiðingar um starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025. Ég tel það mikilvægt að leggja bæði áherslu á það sem hefur tekist vel og benda á þau svið sem gætu enn frekar styrkst til framtíðar.

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin virðist samræmast fyrri áherslum og þróun leikskólans. Verkefni á borð við „Hreyfing og gleði“ og útikennslu halda áfram að vera í forgrunni og endurspegla framsækna nálgun á leik og nám barna. Þetta er mjög mikilvægt og skapar bæði gleði og jákvæða reynslu fyrir börnin.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er mjög vel uppsett og skýr. Hún veitir góða yfirsýn yfir starfsemi leikskólans og gefur foreldrum nauðsynlegar upplýsingar á einfaldan og skipulagðan hátt. Þetta er mikill kostur, sérstaklega þegar foreldrar leitast við að fylgjast með þátttöku barna sinna.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin veitir mjög góða innsýn í daglegt starf leikskólans. Sérstaklega vil ég nefna samstarfið við Fossvogsskóla og aðlögun úr leikskóla yfir í skólann Þessi samvinna er bæði mikilvæg og gagnleg, því hún undirbýr börnin fyrir næsta skólastig á markvissan hátt og veitir foreldrum öryggi og samfellu í námi barna sinna. Þetta samstarf auðveldar einnig daglegt skipulag fjölskyldna.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Ég hef fáar athugasemdir við starfsáætlunina, en ég tel mikilvægt að halda áfram að leggja áherslu á stuðning við börn af erlendum uppruna og tryggja að þau fái sömu tækifæri og önnur börn til að njóta leiks og náms. Einnig vil ég leggja áherslu á að fylgjast með og meta áhrif flutninga í Eyland og hvernig þau gætu haft áhrif á daglegt starf og aðlögun barna.

Viðbótarfyrirbæri

Það er áberandi hversu vel leikskólinn hefur hugað að fjölbreyttum viðburðum og verkefnum sem styrkja samfélagskennd barnanna, t.d. danskennsla, hreyfistundir og skólahlaup. Þetta er að mínu mati lykillinn að því að búa til jákvæða og heilbrigða reynslu fyrir börnin. Ég vil einnig hrósa því hversu góðar útfærslur hafa verið á verkefnum sem efla líkamlega heilsu barna.

Leikskólinn Kvistaborg hefur lagt sig fram um að skapa öruggt og lærdómsríkt umhverfi fyrir börnin. Ég hvet til að áfram verði unnið með þau góða verkefni sem sett eru fram í starfsáætluninni og vil þakka fyrir það mikilvæga starf sem þið vinnið fyrir börnin okkar.

Rinnar Kinnar
Sigríður D. Bjarnadóttir
Rinnar Arnarson